

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um hundahald í Suðureyrarhreppi nr. 108/1980.

1. gr.

Við 3. gr. bætist nýr stafliður er verði e) liður og orðist svo:

Hundar á lögbýlum utan Suðureyrarkauptúns eru undanþegnir ákvæðum samþykktar þessarar, öðrum en 2. gr. d) og e) liðs.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 11. mars 1980.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 196.

27. febrúar 1980.

Staðfesting forsetans á skiplagsskrá fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. febrúar 1980.

Skiplagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hagasjóður. Heimili hans og starfssvið skal jafnan vera innan Hraunhrepps í Mýrarsýslu.

2. gr.

Guðmundur Bjarnason klæðskeri, Aðalstræti 6, Reykjavík, er stofnandi sjóðsins. Árið 1932 var byrjunarstofnfé sjóðsins afhent hreppstjóranum í Hraunhreppi og síðan aukið mikið 1937 og enn meir 1938. Sjóðurinn var í ársbyrjun 1939 kr. 30 359.77 — þrjátíuþúsund þrjúhundruðfimmtíu og níu 77/100 krónur — í peningum og skuldabréfum og auk þess 10 000 — tíu þúsund kr. — í hlutabréfum Útvegshanka Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn sem áður var í þremur deildum skal nú sameinast í einn sjóð. Sjóðnum er ætlað það hlutverk, sem áður var ákveðið af gefanda:

1. Að efla og styðja skógrækt, sandgræðslu og fódurbirgðir, til minningar um föður stofnandans, Bjarna Jónsson fyrrum bónda í Haga.
2. Að styrkja fátækar mæður, börn og gamalmenni og námsfólk ef sérstaklega stendur á, til minningar um móður stofnandans, Bjarndísi Bjarnadóttur, fyrrum húsmóður í Haga, sem var önnur kona Bjarna í Haga.

3. Að styrkja kristilegt félags- eða safnaðarlíf og fræðslu barna og ungmenna á kristilegum grundvelli, til minningar um stjúp móður stofnandans, **Guðlaugu Sigurðardóttur**, þriðju konu Bjarna í Haga.

4. gr.

Sjóðinn skal framvegis ávaxta á þann hátt, sem vextir fást hæstir á hverjum tíma, þó má lána úr sjóðnum aðilum búsettum í Hraunhreppi ef nauðsyn ber til, á **lægri** vöxtum.

Til vaxta telst helmingur (50%) verðbóta af verðtryggðum skuldabréfum og bankavöxtum, en helmingur bætist við höfuðstólinn.

5. gr.

Höfuðstóll sjóðsins má aldrei skerða.

6. gr.

Vaxtatekjur sjóðsins skal nota til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 3. gr. Heimilt er að verja allt að 4/5 hlutum árlegra vaxtatekna. Að öðru leyti leggjast vextir og allar aðrar tekjur við höfuðstólinn.

Fari úthlutun úr sjóðnum ekki fram í eitt ár eða fleiri, er heimilt að eyða öllu því úthlutunarfé, sem sparast hefur, síðar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri og allir hreppsnefndarmenn á hverjum tíma. Hún kys formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum, hvorutveggja strax að afstöðnum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum. Hún hefur á hendi allar nánari ákvarðanir um starfshætti og fjárframlög til fullnægingar hlutverkum sjóðsins og yfirumsjón allra framkvæmda er þar af leiða, allt innan þeirra takmarka, er sett eru með þessari skipulagsskrá.

8. gr.

Sjóðsstjórnin heldur gerðabók. Inn í hana skal færa þessa skipulagsskrá, aðalreikninga sjóðsins árlega, fundargerðir og helstu atriði framkvæmda, sem njóta styrks frá sjóðnum.

9. gr.

Allar ákvarðanir viðvíkjandi sjóðnum skulu gerðar á fundum sjóðsstjórnar. Ákvörðun er þó ekki gild nema hún nái samþykki meirihluta sjóðsstjórnarmanna.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta er tímar liða ef allir sjóðsstjórnarmenn samþykkja breytinguna. Þó má aldrei breyta aðalmarkmiðum sjóðsins að auka og bæta gróður jarðar og lífsskilyrði búpenings, að styrkja fátækt fólk og að viðhalda kristindómsfræðslu og kristilegu safnaðarlífi.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.